



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

561. stjórnarfundur fimmtudagur 18. mars 2021 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir og Björg Hafsteinsdóttir. Sveinbjörg Sigurðardóttir fjarverandi.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá barna og unglingaráði knattspyrnudeildar „*niðurstaða Gothia 2020*“

Tölvupóstur frá formanni sunddeildar, Hönnu Björgu Konráðsdóttur, með ósk um styrk.

Hafnað og framkvæmdastjóra falið að fara yfir málið með Hönnu.

Tölvupóstur frá Hirti Magna Sigurðssyni. Leiðbeiningar um verklag vegna gruns um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barna. ***Ákveðið að senda á stjórnir og þjálfara***

Tölvupóstur frá Piotr Herman. Beiðni um stofnun borðtennisdeildar. Meðfylgjandi var listi með 8 einstaklingum sem eru tilbúnir að sitja í stjórn. ***Umræður um málið og framkvæmdastjóra falið málið sjá lið 4.***

Tölvupóstur frá Vinnumálastofnun, umsókn móttekin.

Tilboð í hreinsun á stólum sem eru á sal félagsins. ***Ákveðið að taka ekki tilboði.***

Fréttabréf frá ÍSÍ.

Tölvupóstur frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands með upplýsingum um viðbótarframlag til félagsins vegna Covid 19.

Tölvupóstur með dagskrá stefnumóts UMFÍ sem verður næsta laugardag.

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

Tölvupóstar sendir á deildir og ráð vegna svikapósta sem voru að koma.

Fundagerðir deilda hafa verið sendar á stjórnarmenn aðalstjórnar.

4. Stofnun borðtennisdeildar

Stjórnarmaður borðtennissambandsins ásamt Piotr Herman og formanni ÍRB Guðbergi

Reynissyni áttu fund með Einari Haraldssyni formanni Keflavíkur föstudaginn 12. mars. Piotr er að óska eftir því að stofna borðtennisdeild hjá félaginu. Einari er falið að afla frekari gagna.

5. Umsóknir til Vinnumálastofnunar

Formaður sótti um styrk fyrir launum Hjördísar íþróttafulltrúa til Vinnumálastofnunar ásamt því að sækja um styrk fyrir fimleikadeildina og barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar.

6. Önnur mál

A. Umræða um málefni körfunnar.

B. Umræða um stöðu formanns félagsins.

C. Umræða um lyftingasal í B – sal.

- D. Umræða um úttekt á Hringbraut 108
- E. Umræða um fimleikaleikahúsið.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 31. mars 2021
Fundir slitið kl. 19:30
Fundinn ritaði Eva Björk